

Nd.

497. Nefndarálit

[112. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt efni þess á nokkrum fundum. Hefur ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins mætt á fundi hjá nefndinni og veitt þær upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hluti nefndarinnar (HV og JSk) gefa út sérstök nefndarálit.

Meiri hluti nefndarinnar telur, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, muni skapa meira samræmi við niðurjöfnun útsvara í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins en áður hefur verið. Þá telur meiri hluti nefndarinnar, að fást muni grundvöllur til að byggja á við fyrirhugaða heildarendurskoðun útsvarslaganna, er jafnað hefur verið niður útsvörum nú í ár samkvæmt þeim reglum, sem í frumvarpinu eru, og geti nefnd sú, sem hefur með höndum endurskoðun útsvarslaganna, stuðzt við þá reynslu, sem við þetta fæst.

Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað „5.—7. gr.“ í d-lið komi: 5.—8. gr.
2. Við 4. gr. Í stað „5.—12. gr.“ komi: 5.—13. gr.
3. Við 5. gr.
 - a. Upphaf c-liðar orðist svo:
Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir, sbr. þó 8. gr.
 - b. Síðasta málsgrein c-liðar orðist svo:
Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, allt að 3%.
4. Við 6. gr.
 - a. Í stað orðanna „sbr. þó 8. gr.“ í 1. málsli. komi: sbr. þó 9. gr.
 - b. Upphaf c-liðar orðist svo:
Um útsvör af veltu fer samkvæmt eftirfarandi reglum, sbr. þó 8. gr.
5. Við 7. gr.
 - a. Í stað orðanna „sbr. 8. gr. 2. mgr.“ í 1. málsli. komi: sbr. 9. gr. 2. mgr.
 - b. Þrjár fyrstu línur útsvarssligans undir a. 1. falli niður.
6. Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verði 8. gr., svo hljóðandi:
Undanþegin veltuútsvari eru sláturhús og mjólkurbú.
Útsvar af landbúnaðarafurðum framleiddum innanlands og seldum í umboðs- eða heildsölu má eigi meiru nema en 2½% af heildarveltu.
Útsvar á veltu má ekki nema hærrí hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hann var á hverjum stað árið 1959. Heimilt skal þó þeim sveitarfélögum, sem lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1959, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík á árinu 1959, að hækka útsvör á veltu í allt að þeim hundraðshluta, sem þar var þá á lagður.
7. Við 8. gr. (verður 9. gr.) bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Með sama skilyrði er kaupstöðum, sbr. 6. gr., og öðrum sveitarfélögum, sbr. 7. gr., heimilt að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 1000 krónum.
8. Við 9. gr. (verður 10. gr.) bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Heimilt er að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

Alþingi, 21. maí 1960.

Sigurður Bjarnason,
form.

Guðlaugur Gíslason,
frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.